

Miðvikudaginn 17. september 1997.

Nr. 375/1997. **Sýslumaðurinn á Akureyri**

gegn

Mána Freysteinnssyni

(Hreinn Pálsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. september 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 14. september 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. sama mánaðar kl. 12.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, en þó þannig, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til laugardagsins 20. september 1997.

Sóknaraðili lýsti ekki yfir kæru úrskurðarins fyrir héraðsdómi, svo sem honum bar samkvæmt 3. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991. Kemur því ekki til álita krafa hans um lengingu gæsluvarðhalds yfir varnaraðila.

Fallist verður á með héraðsdómi, að rökstuddur grunur beinist að varnaraðila um, að hann hafi brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og að hætta sé á, að hann muni torvela rannsókn málsins, fari hann frjáls ferða sinna. Eru því skilyrði a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds. Með þessari athugasemd verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 14. september 1997.

Mál þetta var tekið til úrskurðar á dómþingi í gær, 13. september.

Sýslumaðurinn á Akureyri krefst þess, að kærði, Máni Freysteinsson, kt. 150267-3669, með lögheimili að Ljósheimum 18 a, Reykjavík, en dvalarstað að Túngötu 15, Ísafirði, verði á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála úrskurðaður í gæsluvarðhald í eina viku, til laugardagsins 20. september nk.

Atvikum er svo lýst, að kærði hafi verið handtekinn á Akureyrarflugvelli í gær, föstudaginn 12. september, um kl. 15.30, þar sem talið hafi verið, að hann væri með fíkniefni í fórum sínum. Í fórum hans fannst lyfjaglas, og var heiti lyfsins skráð klórdíazepoxíð, 10 mg, en eftir sé að rannsaka innihald glassins nánar. Í fórum kærða hafi einnig fundist ferðaútlarpstæki með geislaspilara af gerðinni DAEWOO ACD-7500, tveir hátalarar af gerðinni Philips PCA300SA og 11 geisladiskar, og hafi sumum þeirra verið pakkað inn í sellófan-umbúðir. Þá hafi einnig fundist faxtæki með áföstu símtóli af gerðinni Hyundai. Á tækið hafi vantað símtengingu. Kærði hafi enga skýringu gefið á þessum hlutum og í upphafi neitað lögreglu um húsleitarmild. Rökestuddur grunur leiki á, að munir þessir séu úr innbroti í verslunina Snerpu ehf., Mánagötu 6 á Ísafirði aðfaranótt miðvikudagsins 10. september sl. Þá er kærði einnig grunaður um innbrot í verslunina Rafverk, Skólastíg 4, Bolungarvík, sem tilkynnt var til lögreglu 12. september sl., ásamt innbroti í Íshúsfélag Ísfirðinga, Eyrargötu 2-4, Ísafirði, aðfaranótt fimmtudagsins 28. nóvember 1996.

Rannsóknari telur, að þar sem rannsókn sé á frumstigi og sakborningur, sem hafi verið í annarlegu ástandi við handtöku, hafi neitað aðild að framangreindum innbrotum og verið ósamvinnuþýður á allan hátt við yfirheyrslur hjá lögreglu, sé veruleg rannsóknarnauðsyn á að fá kærða úrskurðaðan í gæsluvarðhald og koma þannig í veg fyrir, að hann geti torveldað rannsókn málsins. Enn fremur sé eftir að gera húsleit á dvalarstað hans á Ísafirði, sem kærði hafi heimilað um hádegisdag og gerð verði af lögreglunni á Ísafirði. Rannsóknari kveðst einnig vísa til brotasögu kærða og sérstaklega þess, að hann telst vera síbrotamaður og forfallinn fíkniefnaneytandi.

Um lagarök er vísað til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Hér fyrir dómi hefur kærði neitað aðild að framangreindum innbrotum og sagt, að töflur þær, er fundust í fórum hans, séu lyf, en ekki fíkniefni.

Skipaður verjandi kærða hefur mótmælt því, að krafa um gæsluvarðhald

verði tekin til greina, þar sem ekkert liggi fyrir um það, að hann hafi átt þátt í ofangreindum innbrotum.

Eins og mál þetta liggur fyrir, beinist sterkur grunur að kærða um að hafa gerst sekur um brot, sem varðað getur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og ekki liggur fyrir, hvað húsleit muni leiða í ljós. Verður á það fallist, að nauðsynlegt sé, að kærði sitji í haldi, meðan lokið er við hana, þar sem hætta er á, að hann geti torveldað hana, t. d. með því að hafa áhrif á hugsanlega vitorðsmenn.

Samkvæmt framansögðu verður krafa rannsóknara tekin til greina með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. september nk. kl. 12.00.

Úrskurðinn kvað upp Auður Hörn Freysdóttir fulltrúi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Máni Freysteinnsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. september 1997 klukkan 12.00.
